

Framvinduskýrsla október 2013 – janúar 2014

Erlendir samstarfsaðilar

Starfsmenn Markaðsstofunnar tóku á móti hópi ferðamálafulltrúa og kennara í ferðamálafræðum við Háskólann í Pernu í Eistlandi um miðjan október. Þau kynntu sér starfsemi Markaðsstofunnar og ferðamála á Suðurlandi, starfsmenn Markaðsstofunnar höfðu jafnframt aðstoðað við skipulagningu á ferðinni um Suðurland. Meðal staða og aðila sem hópurinn heimsótti voru Upplýsingamiðstöð Suðurlands í Hveragerði, ferðamálafulltúi Uppsveita Árnessýslu, Heklusetur og Katla jarðvangur.

Í tengslum við heimsókn norrænna blaðamanna á Suðurlandi voru starfsmenn MSS með kynningu á Suðurlandi fyrir þá og starfsmenn Íslandsstofu á Hótel Önnu um miðjan október.

Komið er á gott samstarf við Íslandsstofu í kynningarmálum. Starfsfólk Íslandsstofu leitar mikið til okkur heimamanna sem störfum í nærumhverfinu um alls kyns ráðgjöf, sér í lagi við móttöku á fjölmiðlafólki. Eins gefst Markaðsstofunni kostur á að koma sér á framfæri á ýmsum kynningarfundum sem Íslandsstofa gengst fyrir erlendis.

Fundir og mannfagnaður

Starfsmenn Markaðsstofunnar aðstoðuðu starfsmenn Ferðamálastofu og Iðntæknistofunna við undirbúning að Ferðamálaþingi sem haldið var á Selfossi 2. okt sl. Gestum þingsins var ásamt heimamönnum boðið í óvissuferð og kvöldskemmtun. Þingið var fjölsótt og tókst vel í alla staði.

Málþingið „Sunnlensk ferðaþjónusta – tölum saman“ var haldið á Hótel Heklu 23. október. Framkvæmdastjóri Markaðsstofunnar ásamt ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnessýslu og starfsmanni SASS á Höfn unnu að skipulagi málþingsins sem haldið var í tengslum við aðalfund SASS. Mjög góð þátttaka var á málþinginu og áhugaverð erindi.

Uppskeruhátíð Markaðsstofunnar var haldin þann 21. nóvember. Dagurinn byrjaði með fundi „saumaklúbbsins“ (ferðamálafulltrúar og stoðkerfi ferðaþjónustunnar á Suðurlandi) á Listasafni Árnésinga. Eftir hádegjið buðu ferðaþjónustuaðilar í Hveragerði uppskeruhátíðargestum í óvissuferð um Hveragerði þar sem heimsótt voru nokkur fyrirtæki. Um kvöldið var svo glæsilegur kvöldverður á Hótel Örk þar sem ferðaþjónustuaðilar á Suðurlandi áttu saman skemmtilegt kvöld. Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra, sem jafnframt fer með ferðamál, var heiðursgestir kvöldsins og ávarpaði samkomuna. Sigurður Sólmundarson sá um veislustjórn, Ari Eldjárn skemmti, dregið var í happdrætti kvöldsins og að lokum spilaði hljómsveitin Pass fyrir dansi.

Haldnir hafa verið samráðsfundir í tengslum við vinnu á endurgerð landshlutasíðunnar www.south.is með greiningarfyrirtækinu Kapital. Ætlunin er að ný heimasíða fari í loftið í byrjun mars. Útlit og hönnun verður unnið af vefyfyrirtækinu Stefnu, en um er að ræða samstarfsverkefni markaðsstofa landshlutanna.

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga stóðu fyrir námskeiði með Þórönnu Jónsdóttur markaðsfræðingi „Markaðsmál á mannamáli“ tóku starfsmenn þátt í námskeiðinu sem þóttist takast mjög vel.

Vinna við gerð fjárhags- og starfsáætlunar


Í byrjun desember var fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2014 kynnt fyrir stjórn Markaðsstofu Suðurlands á stjórnarfundi sem haldinn var í Þorlákshöfn á kaffihúsinu *Hendur í Höfn*. Helstu breytingar á fjárframlögum eru þær að gert er ráð fyrir að Ferðamálasamtök Vestmannaeyja komi sem samstarfsaðili inni Markaðsstofuna.

Markaðsátakið „Suðurland allt árið“

Sóknaráætlun 2020 styrkti Markaðsstofuna með 5 milljóna króna framlagi til verkefnisins „Suðurland allt árið“. Ráðinn var starfsmaður í sex mánuði til sinna verkefninu. Meðal annars voru haldnir fjórir vinnufundir á Suðurlandi: í Vík í Mýrdal, Flúðum, Flóahreppi og Hveragerði. Á fundina mættu á bilinu 15 til 20 ferðapjónustuaðilar víðs vegar af Suðurlandi. Á hverjum fundi var unnið með þrjú þemu: Matarmenningu, fræðandi ferðapjónustu og ævintýri og afþreyingu. Vinnufundirnir reyndust vel og gott hugmyndaflæði skapaðist innan hvers þema á hverjum fundi. Eftir fyrstu fundarlotu í var unnið úr þeim ferðahugmyndum sem komu fram. Kláraðir voru sex ferðapakka sem prentaðir voru og notaðir í kynningum Markaðsstofunnar. Pakkaferðirnar hafa reynt vel á sölusýningum og FAM ferðum á vegum Markaðsstofunnar. Síðasti fundur var haldinn í Hveragerði og var uppsetning fundarins með hefðbundnu sniði. Lokið hefur verið við úrvinnslu úr þeim hugmyndum sem fram komu og klárað fimm pakkaferðir frá þeim fundi. Ekki þótti ástæða að fara austur í austur-Skaftafellssýslu þar sem Ríki Vatnajökuls vann sambærilegt verkefni á vormánuðum og er ætlunin að Markaðsstofan fái niðurstöðu þess fundar í formi ferðapakka á því svæði.



Winter Wonderland heimasíðan



Eitt að aðalverkefnum verkefnastjóra var að hafa umsjón með vefsíðu verkefnisins Winterwonderland.is. Verkefnastjóri byrjaði á því að kynna sér vefsíðuna og mótaði stefnu varðandi verkefnið og hvernig vefsíðan ætti að vera. Verkefnastjóri hitti Elmar Gunnarsson hjá Hype markaðsstofu sem sér um hýsingu síðunar og hafði áður sett inn greinar fyrir Markaðsstofu Suðurlands. Eftir tvo fundi með starfsmönnum Hype vefstofu var ljóst að nokkrar breytingar yrðu á vefsíðunni og samhljómur var um að skapa þyrfti lifandi vefsíðu með bloggi, greinum, myndum, myndböndum og öðrum upplýsingum sem varða ferðapjónustuna utan háannatíma. Verkefnastjóri fór að kynna sér nánar fræði samfélagsmiðla og hvernig samnýta mætti vefsíðuna og samfélagsmiðla og hver máttur samfélagsmiðlanna getur verið. Eftir að hafa kynnt sér nánar samfélagsmiðla ákvað verkefnastjóri að nýta þyrfti samfélagsmiðla South Iceland mun meira en gert var. Noktun samfélagsmiðla South Iceland var handahófskennd og ekki nægileg skipuleg. Verkefnastjóri ákvað að blása lífi í vefsíðuna ásamt samfélagsmiðlunum.

Netmarkaðssetning South Iceland og Winterwonderland.is

Í byrjun október fór af stað markaðssetning á netinu, þ.e.a.s. á Google og Facebook. Google er mest notaða leitarsíða heims og Facebook er stærsti samfélagsmiðill heims. Fyrirtækið Miðar Vel ehf. hefur haft umsjón með herferðunum og gefur verkefnastjóra reglulega skýrslu og endurgjöf (feedback) um gang mála. Einblínt var á markaði flugfélaganna sem fljúga allt árið til Bandaríkjanna, Bretlands og Evrópu.

Google herferðin

Google herferðin notast við auglýsingar á Google (e. Google Adwords) og leitarvélabestun (SEO). Miðar Vel sá um að yfirfara WinterWonderland.is til leitarvélarbestunar þannig að við ákveðin leitarorð vísa þau á vefsíðuna.

Mjög vel hefur gengið á vekja athygli á South Iceland síðunni á Facebook miðað við lítið fjármagn. Verkefnastjóri setti daglega inn fréttir, myndir eða annars konar efni af Suðurlandi sem vekur eftirtekt og greinar af Winterwonderland.is. Takmarkið var að ná 4000 fylgjendum/”lækum” (e. like) á Facebook síðu South Iceland og því takmarki var fljótt náð og eru fylgjendur South Iceland núna rétt um 6000 manns. Að meðaltali ná póstarnir á Facebook-síðu South Iceland til um 3500 manns á degi hverjum. Þykir það góður árangur samanborið við sýnileikatölur áður en herferðin hófst. Fyrir markaðssetinguna á Facebook náðu póstar/efni South Iceland aðeins til um 450 manns að meðaltali á degi hverjum. Þetta skilar um 680% aukninga á sýnileika í gegnum Facebook.

Instagram leikur

Ákveðið var að fara á stað með tvo Instagram-leiki. Annars vegar var ákveðið að leita til framhaldsskólanema og hvetja þá í að taka þátt í ljósmyndaleik í gegnum Instagram og hins vegar að höfða með leik til ferðamanna þar sem þeir er hvattir til að deila upplifun og ævintýrum sínum frá Suðurlandi. Í útgefnu efni frá Markaðsstofunni eru ferðamenn hvattir til að deila ævintýrum sínum frá Suðurlandi með ákveðnu merki (e. Hashtag), sem er #WWSOUTH. Ákveðið var að það merki yrði áfram notað þar sem það væri þegar komið á útgefið efni frá Markaðsstofunni, s.s. í ferðahandbókina og á Suðurlandskortinu.

Markaðsstofa Suðurlands og WOWair hafa gert með sér samstarfssamning þar sem WOWair mun veita verðlaun fyrir sitthvorn leikinn, þ.e.a.s. WOWair mun veita tvo flugmiða fyrir bestu myndina í sitt hvorum leiknum. WOWair mun geta nýtt sér myndir leiksins í kynningarefni auk þess sem vörumerki WOWair mun koma fram á kynningarefni leiksins, bæði til framhaldsskólanema og ferðamanna.

Það hefur valdið vonbrigðum að lítið áhugi virðist vera á Instagram-leiknum hjá framhaldsskólanemum. Þó svo að góðir vinningar séu hefur þátttakan ekki verið mikil og þarf að grípa til róttækra aðgerða til að kynna leikinn.

Suðurlands- og borðkort

Markaðsstofa Suðurlands gaf út Suðurlandskort í haust að fyrirmynd Vestfjarðakortsins. Óskað var eftir styrkjum frá fyrirtækjum til að leggja hönd á plóg við gerð kortsins. Um þrettán aðilar lögðu verkefninu lið og náðist með því móti að fjármagna framleiðslu á kortunum. Kortið fór í prentun um mitt sumar og fór strax í dreifingu um allt Suðurland á upplýsingarmiðstöðvarnar sem og á Keflavíkflugvelli. Hafin er vinna á borðkorti sem kynna á ferðmönnum það sem er í boði yfir vetrarmánuðina á Suðurlandi. Mun borðkortið vera tilbúið í byrjun febrúar.

Helstur kostir kortana:

- o **Aukin upplýsingagjöf til ferðamanna**
- o **Einföld kort**
- o **Sýnilegir ferðamöguleikar um fjórðunginn, Suðurstrandarvegur og aðrar samgönguleiðir**
- o **Tengir saman svæði á Suðurlandi og eykur kynningu fyrirtækja í Markaðsstofunni**
- o **Styður við svæðakortin sem gefin eru út um allt Suðurland.**



Samstarf við kynningu á landsbyggðinni

Mikil vinna hefur farið í undirbúning ferðakynningar sem haldin verður í flugskýli Flugfélgsins Ernis á Reykjavíkflugvelli 23. janúar nk. Ferðakynningin er unnin með öðrum markaðsstofum landshlutana og ber yfirskriftina „Mannamót“.

Árið 2013

Það má segja að árið 2013 hafi verið gott í ferðapjónustunni á Suðurlandi. Fleiri fyrirtæki hafa gengið til liðs við Markaðsstofu Suðurlands og almennt er meiri vitund og áhugi á starfseminni. Markaðsstofan hefur fest sig í sessi í landshlutanum og undirtektir ferðþjóna eru almennt jákvæðar við þeim verkefnum sem unnin eru. Sérstaklega eru ferðþjónar ánægðir með ýmiskonar viðburði sem Markaðsstofan stendur fyrir svo sem workshopin í tengslum við FAM-ferðir og kynningarfundir sbr. Mannamót sem haldið verður í Reykjavík 23. janúar n.k. (þegar þegar þetta er ritað eru rúmlega 30 fyrirtæki búin að skrá sig til þátttöku).

Mikill haglegi er í ferðapjónustu á Suðurlandi og mikið atriði í allri kynningar og markaðsvinnu að fá ferðamenn sem koma til Íslands og heimsækja Suðurland til að dvelja lengur í héraði og skila meiri tekjum inná svæðið. Það gerum við með því að kynna okkur og þá þjónustu sem við höfum uppá að bjóða sem víðast, kynna leiðirnar inni landshlutanum. Eins hefur mikið verið rætt um gjaldtöku á ferðamannastöðum sem hófst á málþingi sem haldið var á aðalfundi Markaðsstofunnar um miðjan mars. Framkvæmdastjóri situr m.a. í nefnd iðnaðarráðherra um „náttúruþpassann“.

Helstu verkefni framundan

- 23. Janúar ferðakynning Reykjavík Mannamót 2014
- 29. – 31. janúar workshop workshop London
- Febrúar útgáfa borðkorts
- 6. – 7. febrúar kaupstefnan Mid-Atlantic Reykjavík
- 8. febrúar Post-ferð vegna Mid-Atlantic
- 17. – 20. febrúar workshop Englandi
- 27. febrúar – 2. mars fam-ferð í samvinnu með Íslandsstofu
- Mars aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands
- 20. – 23. mars ferðakaupstefna TUR Gautaborg
- 28. – 6. mars „Leyndarmál Suðurlands“ kynningarvika í samvinnu með SASS

das 12/01/2014